

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 125

94. ár

Miðvikudaginn 17. október 2001

Laus störf

Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti er laust til umsóknar starf lögfræðings í stöðu deildarsérfræðings. Í ráðuneytunum eru sjö svið sem sjá um eftirfarandi málaflokka: ráðherraskrifstofu, iðnað og nýsköpun, byggðamál, orku- og stóriðjumál, samkeppnis- og neytendamál, váttrygginga og viðskiptamál og fjármagnsmarkað. Sú staða sem nú er laus til umsóknar er staða lögfræðings á sviði iðnaðar og nýsköpunar og orku- og stóriðjumála.

Starfið er m.a. á sviði orku-, auðlinda- og byggðamála og innleiðingu EES-gerða. Umsækjendur skulu hafa lokið kandidatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Gerð er krafa um sérþekkingu á ofangreindum sviðum í formi framhaldsnáms eða starfsreynslu. Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg. Um er að ræða fullt starf sem stefnt er að að ráða í frá og með 1. janúar nk. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorgeir Örlygsson ráðuneytisstjóri.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Amarahvoli, 150 Reykjavík, í síðasta lagi 15. nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu,
4. október 2001.

(12829)

Keflavík

Laus er til umsóknar staða rannsóknarlögreglumanns hjá embætti sýslumannsins í Keflavík. Umsóknum skal skilað til lögreglustjóra, Jóns Eysteinsonar, fyrir 24. október 2001. Þórir Maronsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „*Eyðublöð*“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 9. október 2001.

Ríkislögreglustjórin.

(12864)

Stefnur

Dómstjórnin í Reykjavík,
Friðgeir Björnsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hrannar Jónsson hdl., að hann þurfi f.h. Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829, áður Sam-

Tilkynningar

frá Fjármálaeftirlitinu

Heimild til yfirfærslu alls váttryggingastofns Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu til Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Það tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlitið hefur heimilað yfirfærslu alls váttryggingastofns Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu til Sjóvár-Almennra trygginga hf. Yfirfærslan er miðuð við 1. október sl.

Réttindi og skyldur váttryggingataka og váttryggðra og annarra samkvæmt váttryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutning á váttryggingastofni. Váttryggingatakar geta sagt upp váttryggingasamningi sínum við viðkomandi félag frá þeim degi sem flutningur stofnsins er heimilaður tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar. Frestur til uppsagnar hefst við birtingu tilkynningar þessarar.

Fyrirhugað er að ákvörðun verði tekin um framtíð Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu á næsta ári. Félagið mun halda óbreyttu starfsleyfi til váttryggingastarfsemi, en félagið mun ekki hefja töku nýtrygginga fyrr en ákvörðun verður tekin um annað að uppfylltum skilyrðum laga um váttryggingastarfsemi.

Heimild til yfirfærslu váttryggingastofns Bátatryggingar Breiðafjarðar til Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Það tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlitið hefur með bréfi dagsettu í dag heimilað yfirfærslu váttryggingastofns Bátatryggingar Breiðafjarðar til Sjóvár-Almennra trygginga hf. Yfirfærslan er miðuð við 1. október sl.

Réttindi og skyldur váttryggingataka og váttryggðra og annarra samkvæmt váttryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutning á váttryggingastofni. Váttryggingatakar geta sagt upp váttryggingasamningi sínum við viðkomandi félag frá þeim degi sem flutningur stofnsins er heimilaður tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar. Frestur til uppsagnar hefst við birtingu tilkynningar þessarar.

Bátatrygging Breiðafjarðar mun halda óbreyttu starfsleyfi til váttryggingastarfsemi, en félagið mun ekki hefja töku nýtrygginga fyrr en ákvörðun verður tekin um annað að uppfylltum skilyrðum laga um váttryggingastarfsemi. Stjórn félagsins hefur lagt til að eignir þess verði seldar og félagið gert upp. Hefur Fjármálaeftirlitið því farið fram á greinargerð frá félaginu, skv. 97. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994, vegna áforma um frjáls slit félagsins.

8. október 2001.

Fjármálaeftirlitið.

12844)

Auglýsing

um styrki

Kristnisjóður, Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóður kirkjunnar og Líknar- og viðlaga-sjóður kirkjunnar auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðunum.

Kristnisjóður starfar skv. lögum um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970.

Hlutverk kristnisjóðs er:

- Að laun aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmönnum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðs-prófasta.
- Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjubings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.
- Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.
- Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
- Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölul.
- Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
- Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.
- Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa. Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóður kirkjunnar starfar skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 173/2000. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla kynningar- og fræðslustarf kirkjunnar svo og útgáfustarfsemi á því sviði.

Líknar- og viðlagasjóður kirjunnar starfar skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 165/2000. Tilgangur sjóðsins er að veita líknar- og viðlagaaðstoð innanlands.

Umsóknir, undirritaðar eigin hendi og studdar nægilegum gögnum þannig að unnt sé að taka afstöðu til þeirra, skulu hafa borist biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16.00, fimmtudaginn 15. nóvember 2001.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði kirkjuráðs <http://www.kirkjurad.is>.

Kirkjuráð.

12828)

Nauðungarsölur

Reykjavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 15. nóvember 2001 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Laufrimi 18, 4ra herb. íbúð á 2. hæð 98,8 fm m.m. 12658)	Júlíana Sveinsdóttir	Íbúðalánasjóður	173.581
Vesturgata 52, 0202, 50% ehl. í 99,5 fm íbúð á 2. hæð t.h. m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0008 12659)	Anna Helga Schram	Lögbýli ehf.	1.296.015

Reykjavík, 3. október 2001.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
Úlfar Lúðvíksson deildarstjóri fullnustudeildar.

Ísafjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, fimmtudaginn 15. nóvember 2001 kl. 9.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalgata 9, Suðureyri 12158)	Friðgerður Guðmundsdóttir, Rafn Ragnar Jónsson og Egill Örn Rafnsson	Sparisjóður Hafnarfjarðar	382.108
Aðalstræti 25, 0101 12159)	Magni Viðar Torfason og Hallfríður I. Friðriksdóttir	Íbúðalánasjóður	60.587
Brekkgata 44, Þingeyri 12160)	Sigurður Jónsson	Hekla hf.	878.703
Brimnesvegur 28, Flateyri 12161)	Bergsveinn G. Sigurhjartarson	Íbúðalánasjóður	327.763
Fjarðargata 60A, Þingeyri 12163)	Jón Reynir Sigurðsson	Íbúðalánasjóður	301.658
Fjarðarstræti 4, 0201 12164)	Ása Kristveig Þórðardóttir og Jens Magnússon	Íbúðalánasjóður	217.259
Geymsluhús ásamt viðb. (Ketilhús) Flateyrarodda, Flateyri 12165)	Skelfiskur hf., Ísafjarðarbæ	Ísafjarðarbær	408.608
Grundarstígur 8, Flateyri 12166)	Steinunn Jónsdóttir	Vaka-Helgafell hf.	232.489
Heimabær, úr landi Arnardals neðri 12168)	Jóhann Björgvin, Gunnvör Rósa, Jóna, Arnviður, Unnsteinn og Þorsteinn Ingi Marvinsbörn	Ingvar Helgason hf.	558.225
Hrunastígur 1, Þingeyri 12169)	Hlynur Aðalsteinsson	Íbúðalánasjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn	213.166

vinnusjóðs Íslands hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, að fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 2.100.000 útg. 5. nóvember 1997 af Ásmundi Skeggjasyni, kt. 140771-4659, Bárugötu 34, Reykjavík, til Samvinnusjóðs Íslans hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 104 Reykjavík.

Fyrirsvar: Hrannar Jónsson hdl., lögfræðideild Frjálsa fjárfestingarbankans hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréf það sem krafist er ógildingar á, var gefið út þann 5. nóvember 1997 af Ásmundi Skeggjasyni, kt. 140771-4659, Bárugötu 34, Reykjavík, til Samvinnusjóðs Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 2.100.000. Veðskuldabréfið hvílir á 1. veðrétti fasteignarinnar Kaplaskjólsvegur 41, 1 herbergis íbúð í kjallara, Reykjavík. Lán samkvæmt skulda-bréfinu er jafngreiðslulán sem á að endurgreiðast með 300 mánaðarlegum afborgunum, en fyrsti gjalddagi var 2. desember 1997. Lánið skyldi bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 181,30. Fastir vextir eru 8,25% og er fyrsti vaxtadagur 29. október 1997. Þann 20. nóvember 1997 var gerð skuldskeyting á láninu og var nýr greiðandi þess Magnús Þórðarson, kt. 280956-0079.

Þann 27. mars 2000 ákvað stjórn Samvinnusjóðs Íslands hf., að breyta nafni sjóðsins í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. með sömu kennitölu og er því Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. stefnandi í málinu. Stefnandi kveður hið umstefnda skuldabréf glatað og finnist það ekki þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum er því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu svo hann geti neytt réttar samkvæmt því.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til 120.-121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin gögn:

- Ógildingarstefnu þessa.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Lögbirtingablað það, sem stefnan er birt í.
- Ljósrit af veðskuldabréfi því sem krafist er ógildingar á.
- Afrit af skuldskeytingu, dags. 20. nóvember 1997.
- Veðbandayfirlit fyrir fasteignina Kaplaskjólsvæg 41, kjallara, Reykjavík.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 22. nóvember 2001 kl. 10.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 27. september 2001.
Friðgeir Björnsson.

(12661

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hrannar Jónsson hdl., að hann þurfi f.h. Frjálsa fjárfestingarbankans hf., kt. 691282-0829, áður Samvinnusjóðs Íslands hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, að fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000 útg. 10. apríl 1997 af Má Gunnarssyni, kt. 041244-7719, Laugarásvegi 5, Reykjavík, til Samvinnusjóðs Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 104 Reykjavík.

Fyrirsvar: Hrannar Jónsson hdl., lögfræðideild Frjálsa fjárfestingarbankans hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréf það sem krafist er ógildingar á, var gefið út þann 10. apríl 1997 af Má Gunnarssyni, kt. 041244-7719, Laugarásvegi 5, Reykjavík, til Samvinnusjóðs Íslands hf., kt. 691282-0829, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000. Veðskuldabréfið er nr. 356078 og hvílir á 7. veðrétti fasteignarinnar Laugarásvegur 5, 2. hæð m.m., geymslu í kjallara merkt 003, ásamt 24,2 fm bílskúr, Reykjavík. Lán samkvæmt skuldabréfinu er jafngreiðslulán sem á að endurgreiðast með 100 afborgunum á 3ja mánaða fresti, en fyrsti gjalddagi var 10. júlí 1997. Lánið skyldi bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 181,30. Vextir af höfuðstól eru 8,5% og eru breytilegir samkvæmt vaxtaákvörðun Frjálsa fjárfestingarbankans hf. á hverjum tíma og reiknast þeir frá 10. apríl 1997. Þann 18. maí 2001 veitti Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., veðbandslausn að hluta vegna skuldabréfsins, þannig að leyst var úr veðböndum 15 fm herbergi í kjallara. Að öðru leyti haldast ákvæði skuldabréfsins óbreytt.

Þann 27. mars 2000 ákvað stjórn Samvinnusjóðs Íslands hf., að breyta nafni sjóðsins í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. með sömu kennitölu og er því Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. stefnandi í málinu. Stefnandi kveður hið umstefnda skuldabréf glatað og finnist það ekki þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum er því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu svo hann geti neytt réttar samkvæmt því.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til 120.-121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin gögn:

- Ógildingarstefnu þessa.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Lögbirtingablað það, sem stefnan er birt í.
- Ljósrit af veðskuldabréfi því sem krafist er ógildingar á.
- Afrit af veðbandslausn að hluta dags. 18. maí 2001.
- Veðbandayfirlit fyrir fasteignina Laugarásveg 5, 0201, Reykjavík.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 22. nóvember 2001, kl. 10.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella megí búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 27. september 2001.
Friðgeir Björnsson.

(12662

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum þann 18. september 2001, var bú þjóðhildar Birnu Matthíasdóttur, kt. 240656-5669, Háholti 5, 220 Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 21. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, er telja sig eiga

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
---------------	------------------	------------------------------	----------------------------

Ísafold ÍS, farþegaskip, sksknrn. 2429	Ferjusiglingar ehf.	Stáltak hf.	351.051
--	---------------------	-------------	---------

(12170)

Móholt 3	Guðmundur S. Ásgeirsson og Ingibjörg S. Guðmundsdóttir	Sparisjóður Kópavogs	278.102
----------	--	----------------------	---------

(12172)

Ritur ÍS-22, sksknrn. 0612	Hannes Hvanndal Arnórsson og Þórður Guðjón Hilmarsson	Gjaldtökusjóður	317.863
----------------------------	---	-----------------	---------

(12174)

Sólgata 5, 020101, efri og neðri hæð n.e.	Margrét Þórdís Jónsdóttir og Kristinn Pétur Njálsson	Íslandsbanki hf., útibú 556 og Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	2.716.561
---	--	---	-----------

(12175)

Sætún 8, Suðureyri	Margrét Hildur Eiðsdóttir og Jón Arnar Gestsson	Ísafjarðarbær	162.280
--------------------	---	---------------	---------

(12177)

Urðarvegur 24	Halldóra Jónsdóttir og Eiríkur Brynjólfur Böðvarsson	Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður verslunarmanna	907.376
---------------	--	--	---------

(12178)

Ísafirði, 24. september 2001.
Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Unnur Brá Konráðsdóttir fulltrúi.

Sauðárkrókur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 15. nóvember 2001, kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
---------------	-------------------	------------------------------	----------------------------

Giljar, Sveitarfél. Skagafirði	Hlynur U. Jóhannsson og Anna Lís Wium	Lánasjóður landbúnaðarins	223.630,78
--------------------------------	---------------------------------------	---------------------------	------------

(12827)

Sauðárkróki, 3. október 2001.
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki,
Ríkarður Másson.

kröfur á hendur búinu eða eignir í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra þrotabúsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði, mánudaginn 7. janúar 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur, þar sem fram kemur afstaða skiptastjóra til þeirra, mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

Endurbirt vegna leiðréttingar á nafni.

Hafnarfirði, 10. október 2001.
Þórdís Bjarnadóttir hdl.

(12213 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 1. október 2001, var bú Kexsmiðjunnar ehf., kt. 420796-2349, Hvannavöllum 12, 600 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 1. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Gránufélagsgötu 4, 2. hæð, 600 Akureyri eða í pósthólf 53, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Gránufélagsgötu 4, 2. hæð, Akureyri miðvikudaginn 9. janúar 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 4. október 2001.
Hreinn Pálsson hrl.

(12843 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 17. september 2001, var dánarbú Hinriks Péturssonar, kt. 061250-4339, sem lést þann 19. júní 2001 og var síðast til heimilis að Hrauntungu 6, Hafnarfirði, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá er telja sig eiga kröfur á hendur búinu, annarra réttinda á hendur því eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Reykjavík, 8. október 2001.
Kristján Ólafsson hrl.

(12855 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum þann 4. október 2001, var bú Veiði-sports ehf., kt. 470394-2429, Múlasíðu 32, 603 Akureyri, en með starfsstöð að Hofsbót 4, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður, Helgi Teitur Helgason hdl.,

skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 4. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar á skrifstofu skiptastjóra að Geislagötu 5, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur svo og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra, Geislagötu 5, Akureyri, mánudaginn 7. janúar 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 8. október 2001.
Helgi Teitur Helgason hdl.

(12862 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Fjarðeigna ehf., kt. 411199-3049, Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra föstudaginn 11. janúar 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur í búíð mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(12865 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Gróanda ehf., kt. 710889-1209, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 13. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra föstudaginn 11. janúar 2002 kl. 10.30.

Skrá um lýstar kröfur í búíð mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(12866 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Strandgötu 41 ehf., kt. 700371-1829, Stuðlabergi 38, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir

lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra föstudaginn 11. janúar 2002 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur í búíð mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(12867 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Suðurskipa ehf., kt. 650399-3239, Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður var skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 5. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra föstudaginn 11. janúar 2002 kl. 9.00.

Skrá um lýstar kröfur í búíð mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(12868 a

Benedikt Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Lútó ehf., kt. 610596-2319, Baugholti 25, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á Lögfræðistofu Suðurnesja hf., Hafnargötu 29, II. hæð, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 29, II. hæð, Keflavík, fimmtudaginn 20. desember 2001, kl. 9.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12210 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Eiríks Árna Sigtryggssonar, kt. 140943-4369, til heimilis að Framnesvegi 8, Keflavík tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á Lögfræðistofu Suðurnesja hf., Hafnargötu 29, II. hæð, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 29, II. hæð, Keflavík, fimmtudaginn 20. desember 2001, kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12211 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-
kveðnum 18. september 2001, var bú Gylfa Viðars Ægissonar, kt. 101146-3599, til heimilis

að Brekkugötu 5, Vogum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 7. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á Lögfræðistofu Suðurnesja hf., Hafnargötu 29, II. hæð, 230 Keflavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 29, II. hæð, Keflavík, fimmtudaginn 20. desember 2001, kl. 10.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12212 b

Keflavík, 24. september 2001.
Lárentsínus Kristjánsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 20. september 2001, var bú Georgs Jónassonar, kt. 160467-3049, til heimilis að Bergstaðastræti 40, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 28. febrúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, föstudaginn 21. desember 2001 kl. 15.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12445 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 20. september 2001, var bú Árna Ingólfssonar, kt. 041253-2749, til heimilis að Bergþórugötu 57, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 17. janúar 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, föstudaginn 21. desember 2001 kl. 14.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(12446 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 20. september 2001, var bú Markhússins-markaðsstofu ehf., kt. 511192-2189, til heimilis að Brautarholti 6, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 26. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, Reykjavík, föstudaginn 21. desember 2001 kl. 13.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síð-ustu viku fyrir skiptafundinn.

(12447 b

Reykjavík, 28. september 2001.
Ásgeir Magnússon hrl.

Skiptafundir

Skiptafundur í þrotabúi Einars Tryggvasonar, kt. 170242-4599, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs að Suðurlandsbraut 6 (4. hæð), þann 31. október nk. kl. 11.00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem mun liggja frammi á fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra, sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir, sem hlut eiga að máli, vænta þess að skiptum verði lokið á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Reykjavík, 4. október 2001.
Andri Árnason hrl.

(12831

Skiptafundur í þrotabúi Vilverks ehf., kt. 690198-2749, Hjallabraut 35, Hafnarfirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, mið-vikudaginn 31. október kl. 9.30.

Á fundinum mun fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu. Frumvarpið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir fundinn, til sýnis fyrir kröfuhafa og aðra sem hafa hagsmuna að gæta. Komi ekki fram and-mæli við frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

(12877

Skiptafundur í þrotabúi Eðalverkfæra ehf., kt. 711293-3459, Boðagranda 7, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, mið-vikudaginn 31. október kl. 10.30.

